

## Fundargerð 478

Föstudaginn 15. nóvember 2019 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Gistihúsinu Egilsstöðum, Fljótsdalshéraði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Þórey Edda Elísdóttir (PEE) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AP) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sigríður Jóhannesdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 9:09 og lá eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu
2. Lántaka til fjármögnunar útlána – til afgreiðslu
3. Tillaga um lækkun verðtryggðra vaxta - til afgreiðslu
4. Aflamark Byggðastofnunar – til afgreiðslu
5. Brothættar byggðir – til afgreiðslu
  - Strandabyggð, ósk um þátttöku í verkefninu brothættar byggðir
  - Hrísey, ósk um framlengingu verkefnis um brothættar byggðir
6. Lánamál – til afgreiðslu
7. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar
8. Drög að starfs- og rekstraráætlun 2020 – til kynningar
9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 – til kynningar
10. Lausafjárstýring – til kynningar
11. Önnur mál

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 477.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Lántaka til fjármögnunar útlána - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns rekstarsviðs um heimild til 2,5 milljarða kr. lántöku til að fjármagna lánveitingar stofnunarinnar sem AP og MH fóru yfir.

Lagt er til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá fjármögnun að fjárhæð allt að 2,5 milljarðar króna, annað hvort með útgáfu á verðtryggðum eða óverðtryggðum skuldabréfaflokki eða með beinni lántöku til allt að 15 ára. Verði af skuldabréfaútgáfu verði hún skráð í Kauphöll Íslands og í Verðbréfaskráningu.

Til máls tóku MBJ, KB og GP

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

### 3. Tillaga um lækkun verðtryggðra vaxta - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs þar sem lögð er til lækkun á verðtryggðum vöxtum stofnunarinnar í kjölfar vaxtalækkana Seðlabanka Íslands sem AME fór yfir.

Lagt er til að vaxtakjör verðtryggðra lána stofnunarinnar lækki um 20 punkta frá og með 1. desember nk., þ.e.a.s. almenn lán fari úr 5,9% í 5,7% og önnur verðtryggð lán fari úr 5,0% í 4,8%. Gera má ráð fyrir að þessi aðgerð lækki vaxtatekjur stofnunarinnar um rétt rúmlega 20 mkr. á ári miðað við verðtryggð útlán stofnunarinnar í dag.

Til máls tóku MBJ, AÞ, KB og GÞ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

### 4. Aflamark Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra þar sem lagt er til að honum verði falið að ganga til samninga við Fiskvinnsluna Íslandssögu hf. og samstarfsaðila vegna 400 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðirára á grundvelli umsóknar félaganna og öðrum umsóknum verði hafnað. Þá liggja fyrir matsblöð allra umsækjenda og samantekt á þeim.

AÞ fór yfir forsögu málsins og það sem gerst hafði eftir að aflamarksnefnd Byggðastofnunar samþykkti að leggja fram ofangreinda tillögu.

Lagði AÞ til að málinu yrði frestað til frekari gagnaöflunar en umsókn West Seafood ehf. yrði hafnað þar sem félagið væri gjaldþrota. Umsækjendum með gilda umsókn yrði boðið að uppfæra umsókn sína og eiga fund með starfsmönnum. Aflamarksnefnd Byggðastofnunar myndi að því loknu fara aftur yfir umsóknirnar og senda tillögu til Ísafjarðarbæjar til umsagnar.

Til máls tóku HKH, MBJ, KB, ÞEE, HÁ, MaH og GÞ.

Formaður bar upp tillögu forstjóra og var hún samþykkt samhljóða.

### 5. Brothættar byggðir

*Strandabyggð - ósk um þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir*

Fyrir fundinum liggur minnisblað starfsmanna þróunarsviðs um samstarf við Strandabyggð í verkefninu Brothættar byggðir sem AÞ kynnti.

Lagt er til að Strandabyggð verði þegar boðið samstarf í verkefninu Brothættum byggðum og forstjóra falið að tilkynna það. Fyrstu skref verði að ganga frá samkomulagi og koma á fót verkefnisstjórn sem hugi að frekari undirbúningi.

*Hrísey - ósk um framlengingu verkefnisins brothættar byggðir í Hrísey*

Fyrir fundinum liggur minnisblað starfsmanna þróunarsviðs varðandi ósk um framlengingu verkefnisins Brothættar byggðir í Hrísey sem AÞ kynnti.

Lagt er til að forstjóri svari erindinu með þeim skilaboðum að ekki sé unnt að verða við ósk um framlengingu verkefnisins Hrísey, perla Eyjafjarðar.

Til máls tóku MBJ, KB, MaH og ÞEE.

Formaður bar upp tillögurnar og voru þær samþykktar samhljóða.

## 6. Lánamál - til afgreiðslu

...

...

...

...

## 7. Drög að starfs- og rekstraráætlun 2020 - til kynningar

Fyrir fundinum liggja drög að starfs- og rekstraráætlun 2020 sem AÐ, SBS, AME og MH kynntu. Stefnt er að því að leggja lokaútgáfu fram á stjórnarfundi í desember og kallaði AÐ eftir tillögum og ábendingum stjórnarmanna.

Til máls tóku KB, GÐ og MBJ.

Tekið verður til skoðunar hvort starfsáætlun stjórnar eigi heima í starfsáætlun stofnunarinnar.

## 8. Staða rekstrar- og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - tilkynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2019 m.v. 31. október sl. sem AÐ kynnti.

Til máls tóku MBJ, GÐ og KB

## 9. Lausafjárstýring - til kynningar

Fyrir fundinum liggur bréf Seðlabanka Íslands til Byggðastofnunar um afmörkun viðskipta við Seðlabanka Íslands dags. 11. október sl. Þar er tilkynnt um að frá og með 28. febrúar 2020 geti lánaþyrftæki eins og Byggðastofnun ekki átt í viðskiptum við bankann og frá og með 31. mars 2020 verði reikningnum Byggðastofnunar hjá bankanum lokað. Er þess óskað að allar innistæður Byggðastofnunar verði færðar annað fyrir lokun reikninga.

MH kynnti bréfið og að lögð yrði fyrir stjórn fljótlega tillaga um reglur um lausafjárstýringu stofnunarinnar.

Til máls tóku KB, AÐ og MBJ.

## 10. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 35/19 og 36/19 sem AME kynnti.

Til máls tóku GÐ, ÞEE, MBJ og AÐ.

**11. Önnur mál***Kynningarfundir fyrirtækjasviðs*

Fyrir fundinum liggja ferðadagbækur fyrirtækjasviðs í tengslum við fyrirtækjaheimsóknir og kynningarfundir starfsmanna sviðsins í haust.

Stjórn þakkaði fyrir vel unnar skýrslur og væru þær upplýsandi um stöðu einstakra mála á viðkomandi svæðum.

**12. Næsti fundur**

Næsti fundur verður 17. desember á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:36

Magnús Helgason fundarritari

---

---

---

---

---

---